

Frábær árangur Öxarfjarðarskóla!

Þegar lestrarkeppni Samróms hófst þann 20.janúar var ákveðið að taka þátt og gera þetta að stórum viðburði fyrir Öxarfjarðarskóla og voru nemendur, starfsfólk og fjölskyldur þeirra hvött til að taka virkan þátt.

Byrjað var að lesa jafnt og þétt en á 4.degi svar talsvert púður sett í að halda sig vel við efnið og foreldrar beðnir að finna sem flesta sem vildu leggja okkur lið í lestrinum því til mikils var að vinna; þrívíddarprentari og tölva fyrir þá skóla sem höfnuðu í 1.sæti í sínum flokkum. Skólarnir í landinu eru flokkaðir í A, B og C eftir stærð. Fljótlega hófst barátta milli tveggja skóla í C flokki um 1.sætið, þ.e. Höfðaskóla á Skagaströnd sem er 70 barna skóli og Öxarfjarðarskóla með 26 nemendur.

Á síðasta degi keppinnar hafði skólanum borist talsverður liðsauki eða 285 manns á öllum aldri sem alls tóku þátt fyrir hönd skólans. Mikil stemning og sigurvilji greip um sig. Fólk sat við tímunum saman, hafði samskipti sín á milli á Messenger, hvatti hvert annað og las upphátt allt fram á síðustu mínútu á miðnætti 26.janúar þegar lokað var fyrir keppnina. Þá hafði Öxarfjarðarskóli lesið alls 147.189 setningar sem gera 5661 setningu á nemanda og hafnaði í 2. sæti í sínum flokki á eftir Höfðaskóla sem tók fyrsta sætið með 153.288 setningar eða 2189 setningar á nemanda. Allir sem komu að verkefninu voru í skýjunum eftir frábæra frammistöðu og ríkti sigurgleði meðal allra. Á landsvísu hafnaði Öxarfjarðarskóli í 4.sæti!

Þetta sýnir okkur hvað samhugurinn getur gert mikið; baráttuandi, samvinna og liðsheild. Það er umfram allt hugarfarið sem skiptir máli og liðsandinn. Að vilja ná langt og gera vel – alveg sama hvað við tökum að okkur. Það sem ekki er síður mikilvægt, er hversu vel samfélagið allt tók þátt í þessu með okkur, foreldrar, systkini, starfsfólk, ömmur, afar, frændfólk og vinir og velunnarar. Verkefni sem þetta kennir okkur að standa saman og sýnir hvernig best vinna það; með gleði, opnum huga, baráttu og umfram allt eins og eitt lið. Það þjappar okkur enn frekar saman.

Fyrir framúrskarandi árangur fær Öxarfjarðarskóli aukaverðlaun og fer verðlaunaafhendingin fram á Bessastöðum þann 8.febrúar næstkomandi.

Brund Ásgeirsdóttir
Skólustjóri Grunnskóla Raufarhafnar og Öxarfjarðarskóla